

SP-Fjármögnun hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
fyrir tímabilið
1. janúar - 30. júní 2008**

SP-Fjármögnun hf.
Sigtúni 42
105 Reykjavík

Kt. 620295-2219

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Eiginfjárfirlit	7
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árs hlutareikningur SP-Fjármögnunar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) fyrir árs hlutareikninga.

Félagið er eignarleigufyrirtæki og starfar eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf. og er árs hlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008 að fjárhæð 415,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok tímabilsins nam 4.643,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi eða um 8,6% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárhlutfall, sem reiknað er út samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nam 10,9% í júnílok 2008.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Árs hlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess í júnílok og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008.

Jafnframt er það álit okkar að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Reykjavík, 21. júlí 2008.

Stjórn:

Þorgeir Baldursson

Magnús Ægir Magnússon

Elín Sigfúsdóttir

Guðmundur Pétur Davíðsson

Ragnar Z. Guðjónsson

Framkvæmdastjóri:

Kjartan G. Gunnarsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SP-Fjármögnunar hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning SP-Fjármögnunar hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árshlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 21. júlí 2008.

KPMG hf.

Jón S. Helgason

Sigríður Helga Sveinsdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2008

	2008	2007
Skýr.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Vaxtatekjur	2.813.484	1.759.230
Vaxtagjöld	(1.900.500)	(874.810)
Hreinar vaxtatekjur	<u>912.984</u>	<u>884.420</u>
Þjónustutekjur	138.129	98.182
Þjónustugjöld	(23.398)	(15.769)
Hreinar þjónustutekjur	<u>114.731</u>	<u>82.413</u>
Hreinar tekjur	1.027.715	966.833
Hreinn gjaldeyrismunur	61.894	31.791
Aðrar rekstrartekjur	8.408	31.346
Hlutdeild í tapi hlutdeildarfélags	5 (232.696)	(75.161)
Rekstrarkostnaður	(323.264)	(285.135)
Virðisrýmun	4 (147.041)	(76.354)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	395.016	593.320
Tekjuskattur	2 20.659	(120.327)
Hagnaður tímabilsins	<u>415.675</u>	<u>472.993</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2008

	Skýr.	30.6.2008	31.12.2007
Eignir			
Handbært fé		407.518	238.625
Aðrar eignir		242.616	74.813
Útlán og kröfur	3,4	66.976.325	47.682.860
Fullnustueignir		93.722	22.910
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	5	553.718	786.414
Rekstrarfjármunir		287.624	283.346
Óefnislegar eignir		91.607	109.649
Eignir samtals		68.653.130	49.198.617
 Skuldir			
Aðrar skuldir		195.930	158.052
Lántaka	6	61.338.709	42.782.030
Víkjandi lán	7	1.806.581	1.341.641
Tekjuskattsskuldbinding		668.235	688.894
Skuldir samtals		64.009.455	44.970.617
 Eigið fé			
Hlutfé		397.562	397.562
Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutfjár		116.561	116.561
Lögbundinn varasjóður		5.482	5.482
Óráðstafað eigið fé		4.124.070	3.708.395
Eigið fé samtals		4.643.675	4.228.000
Skuldir og eigið fé samtals		68.653.130	49.198.617

Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2008

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur innborgaðs hlutfjár	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé Samtals
1. janúar - 30. júní 2007					
Eigið fé 1.1.2007.....	397.562	116.561	5.482	2.748.582	3.268.186
Hagnaður tímabilsins.....				472.993	472.993
Eigið fé 30.6.2007.....	<u>397.562</u>	<u>116.561</u>	<u>5.482</u>	<u>3.221.575</u>	<u>3.741.179</u>
1. janúar - 30. júní 2008					
Eigið fé 1.1.2008.....	397.562	116.561	5.482	3.708.395	4.228.000
Hagnaður tímabilsins.....				415.675	415.675
Eigið fé 30.6.2008.....	<u>397.562</u>	<u>116.561</u>	<u>5.482</u>	<u>4.124.070</u>	<u>4.643.675</u>

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar - 30. júní 2008

	2008	2007
Skýr.	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar:		
Hagnaður fyrir tekjuskatt	395.016	593.320
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	415.249	99.606
Breytingar á útlánnum og leigusamningum	(19.440.496)	(1.352.138)
Breytingar á lántöku	18.556.679	941.885
Breytingar á öðrum rekstrartengdum eignum og skuldum	(48.926)	8.254
Handbært fé til (frá) rekstri	<u>(122.478)</u>	<u>290.927</u>
Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og öðrum félögum	0	(196.259)
Rekstrarfjármunir, breyting	(21.759)	(35.043)
Aðrar eignir, breyting	(151.810)	(228.908)
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(173.569)</u>	<u>(460.210)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Víkjandi lán, breyting	464.940	42.066
Fjármögnunarhreyfingar	<u>464.940</u>	<u>42.066</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	168.893	(127.217)
Handbært fé í ársbyrjun	238.625	375.117
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>407.518</u>	<u>247.900</u>
Aðrar upplýsingar:		
Innborgaðar vaxtatekjur	2.813.484	3.620.899
Greidd vaxtagjöld	(1.766.199)	(1.845.095)

Skýringar

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

1. SP-Fjármögnun hf. er með lögheimili að Sigtúni 42 í Reyjavík. Félagið er dótturfélag Landsbanka Íslands hf. og er árs hlutareikningurinn hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Stjórn félagsins heimilaði birtingu árs hlutareikningsins 21. júlí 2008.

a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árs hlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árs hlutareikninga, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu (EU). Samandreginn árs hlutareikningur SP-Fjármögnunar hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2007.

b. *Grundvöllur reikningsskilanna*

Við gerð árs hlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2007. Hægt er að nálgast árs hlutareikninginn á vef þess, www.sp.is og á vef Kauphallar Íslands, www.icex.is.

Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar eru færðar á gangvirði og eignir til sölu eru færðar á kostnaðarverði eða gangvirði hvort sem lægra reynist. Gerð árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu aðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og ályktanir tengdar þeim er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir við þessar kringumstæður og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki er auðvelt að finna með öðrum hætti. Raunverulegar niðurstöður kunna að víkja frá þessum mötum.

c. *Mikilvægar ákvarðanir og reikningshaldslegt mat*

Gerð árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og á fjárhæðir sem eru færðar í árs hlutareikninginn. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mikilvægustu ákvarðanir sem stjórnendur félagsins hafa tekið við gerð árs hlutareiknings og helstu þættir sem geta haft áhrif á reikningshaldslegt mat eru þeir sömu og við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2007.

d. *Tekjuskattur*

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins á fyrstu 6 mánuðum ársins 2008 var neikvætt um 5,23% (20,3% á sama tímabili 2007). Breyting á virku tekjuskattshlutfalli stafar að mestu leyti af einum þætti:

- Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækun á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þess hefur tekjuskattsskuld lækkað um 114.816 þús. kr. miðað við 31. mars 2008. Lækkunin er færð í annan ársfjórðung til tekna í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

Tekjuskattur í rekstrarreikningi

2. Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2008	2007		
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.		
Tekjuskattsskuldbinding				
Breyting tímabundinna mismuna	94.157	120.327		
Lækkun á skatthlutfalli	(114.816)	0		
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(20.659)	120.327		
Afstemming virks skatthlutfalls:				
	2008	2007		
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.		
Hagnaður fyrir tekjuskatt	395.015	593.320		
Tekjuskattur miðað við				
gildandi skatthlutfall	15,0%	59.252	18,0%	106.798
Áhrif hlutdeildarféлага	8,8%	34.904	2,3%	13.529
Áhrif breytinga á skatthlutfalli	(29,1%)	(114.816)	0,0%	0
Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi	(5,2%)	(20.659)	20,3%	120.327

Útlán

3. Útlán og leigusamningar sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

	30.6.2008	31.12.2007
Leigusamningar	55.486.645	39.360.081
Skuldabréf og önnur útlán	11.489.680	8.322.779
Útlán og leigusamningar samtals	66.976.325	47.682.860

4. Virðisrýrnun útlána, leigusamninga og eigna til sölu greinist þannig:

Virðisrýrnun útlána og leigusamninga í ársbyrjun	815.470	689.800
Virðisrýrnun útlána á árinu	147.041	151.692
Endanlega töpuð útlán	(26.017)	(28.603)
Innkomið áður afskrifað	1.807	2.581
Virðisrýrnun útlána og leigusamninga í lok tímabilsins	938.301	815.470
Virðisrýrnun útlána og leigusamninga í hlutfalli af heildarútlánnum	1,4%	1,7%

Skýringar, frh.:

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

5. Félagið á 49% hlut í Eignarhaldsfélaginu ehf., eignarhaldsfélagi um eignarhluti í Verði tryggingu hf. Eignarhlutinn er færður í samræmi við hlutdeildaraðferð. SP-Fjármögnun hf. átti í júnílok 2008 einnig 40% eignarhlut í Skeifuhúsum ehf. en rekstur þess félags er óverulegur. Samanlögð hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga var neikvæð um 232,7 millj. kr. Áætlaðar samanlagðar eignir þeirra í júnílok námu um 4.191,3 millj. kr., og áætlaðar samanlagðar skuldir námu um 4.302,2 millj. kr.

Lántaka

6. Lántaka félagsins skiptist þannig:

	30.6.2008	31.12.2007
Verðbréfaútgáfa	111.958	152.679
Lán frá móðurfélagi	61.226.751	42.629.351
Lántaka samtals	<u>61.338.709</u>	<u>42.782.030</u>

Víkjandi lán

7. Víkjandi lán eru tekin hjá móðurfélagi félagsins. Þau eru í erlendri mynt með breytilegum sex mánaða LIBOR-vöxtum (London Inter Bank Offered Rate) auk vaxtaálags. Lánin eru á gjalddaga 2015 og 2017. Samkvæmt reglum um eiginfjárlutfall lánastofnana teljast lánin að fullu til eiginfjár.

Eigið fé

8. Eigið fé í lok tímabilsins nemur 4.643,7 millj. kr. eða 6,8% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall félagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 10,9%, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Hlutfallið reiknast þannig:

	Vegin staða 30.6.2008
Heildar eigið fé	4.643.675
Víkjandi lán	<u>1.806.581</u>
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>6.450.256</u>
Eiginfjárkrafa	<u>4.725.376</u>
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	1.724.880
Eiginfjárlutfall	10,9%

Skýringar, frh.:

Ársfjórðungsfirlit

9. Yfirlit yfir rekstrarafkomu félagsins skipt niður á ársfjórðunga:

	Q2 2007	Q3 2007	Q4 2007	Q1 2008	Q2 2008
Hreinar tekjur:					
Vaxtatekjur	959.271	1.007.259	1.099.295	1.200.649	1.612.835
Vaxtagjöld	(503.269)	(546.860)	(617.250)	(793.880)	(1.106.620)
	<u>456.002</u>	<u>460.399</u>	<u>482.045</u>	<u>406.769</u>	<u>506.215</u>
Hreinar þjónustutekjur:					
Þjónustutekjur	39.854	110.922	(1.942)	62.150	75.979
Þjónustugjöld	(8.659)	(9.584)	(9.759)	(10.481)	(12.917)
	<u>31.195</u>	<u>101.338</u>	<u>(11.701)</u>	<u>51.669</u>	<u>63.062</u>
Hreinn gjaldeyrismunur ...	28.880	13.647	17.206	54.238	7.656
Aðrar rekstrartekjur	31.346	(13.316)	46.673	1.509	6.899
Hlutdeild í tapi					
hlutdeildarfélags	(45.161)	(43.500)	(63.556)	(90.433)	(142.263)
Rekstrarkostnaður	(132.858)	(163.025)	(133.565)	(171.265)	(151.999)
Virðisrýrnun	(52.752)	(42.210)	(33.128)	(45.151)	(101.890)
Hagnaður fyrir skatta	316.652	313.333	303.974	207.336	187.680
Tekjuskattur	(70.527)	(64.229)	(66.258)	(53.598)	74.257
Hagnaður tímabilsins	<u>246.125</u>	<u>249.104</u>	<u>237.716</u>	<u>153.738</u>	<u>261.937</u>